

Borgarvirki í Húnaþingi vestra

Deiliskipulag



GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI

Sveitarfélag: Húnaþing vestra
Verkkaupi: Minjastofnun Íslands
Skipulagsráðgjafi: Teiknistofa Norðurlands



Húnaþing vestra



Minjastofnun
Íslands



TEIKNISTOFA
NORÐURLANDS

dags. 6. apríl 2017

Greinargerð þessari fylgir einnig skýringar- og skipulagsuppdráttur dags. 6. apríl 2017 sem er hluti af skipulagsgögnunum.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. ákvæði 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 frá

_____ til _____ var samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra

þann _____ 2017.

Sveitarstjóri Húnaþings vestra

Auglýsing um gildistöku skipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2017.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
1.1 Almennt	4
1.2 Markmið	4
1.3 Skipulagssvæðið og staðhættir.....	4
1.4 Tengsl við aðrar áætlanir.....	7
1.5 Skipulagsgögn og kortagrunnar.....	8
1.6 Lög og reglugerðir.....	8
1.7 Framvinda skipulagsgerðar.....	9
1.8 Umhverfisáhrif deiliskipulagstillögu	10
2. Skipulags- og byggingarskilmálar.....	11
2.1 Almennt um skipulagssvæðið.....	11
2.2 Minjavernd	11
2.3 Aðkoma og bílastæði	11
2.4 Snýrting / salernishús / upplýsingar	13
2.5 Göngustígar	13
2.6 Dvalarstaðir	13
2.7 Tröppur	14
2.8 Upplýsingaskilti.....	14
2.9 Ruslabiður.....	15
2.10 Búskapur.....	16
2.11 Hönnun mannvirkja	16
2.12 Efnis- og gróðurnotkun.....	16
2.13 Landmótun og jarðvegsframkvæmdir	16
2.14 Lög og reglugerðir.....	16
2.15 Umhverfislýsing	16
2.16 Vörður.....	18
3. Ábendingar	18
4. Heimildir	19

1. INNGANGUR

1.1 Almenn

Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur heimilað Minjastofnun Íslands að láta vinna á sinn kostnað deiliskipulag fyrir minjasvæðið í Borgarvirki og nánasta umhverfis skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulaginu er ætlað að stuðla að verndun og varðveislu minja á svæðinu og gera þær aðgengilegri fyrir ferðamenn sem koma að minjasvæðinu.

1.2 Markmið

Í deiliskipulaginu eru bílastæði, stígar, útsýnis- og skiltasvæði afmörkuð ásamt byggingarreit. Lögð er áhersla á að ný mannvirki hafi samræmda og hógværa heildarásýnd er falli vel að sérkennum umhverfisins og virði minjar og náttúru svæðisins. Skipulagssvæðið er mjög viðkvæmt fyrir ágangi en aðsókn ferðamanna hefur verið að aukast að svæðinu. Af þeim sökum er mikilvægt að skipuleggja og gera áætlun til framtíðar m.a. varðandi aðgengi að minjunum.

1.3 Skipulagssvæðið og staðhættir

Skipulagssvæðið er 3,7 ha að stærð og staðsett í landi Litlu- og Stóru-Borgar í Húnaþingi. Á skipulagssvæðinu eru fornar minjar og einnig mannvirki sem tilheyra aðkomu ferðamanna á svæðið. Bílastæði er lítið afmarkað eða skilgreint en við það má finna upplýsingaskilti með fróðleik um virkið. Frá bílastæðinu liggja tröppur upp í kvos klettaborgarinnar og ofan á virkinu stendur útsýnisskífa á steyptri súlu. Önnur nútíma mannvirki eru ekki til staðar við Borgarvirki.


Borgarvirki er áberandi klettaborg og kennileiti norðarlega á miðjum borgarásunum milli Vesturhópsvatns að vestan og Víðidalsár að austan. Ásinn hækkar á alla vegu upp undir virkið en það stendur hæst í 177 metrum yfir sjávarmáli. Virkið er í raun gosstapi með 10-15 metra háu stuðlabergslagi efst. Það myndaðist við eldgos á hlýskeyði ísaldar en þá rann hraun sem myndaði grágrýtislag út Víðidal. Efst í virkinu er skeifulaga 5-6 metra djúp kvos eða dæld sem sést ekki fyrr en upp er komið. Kvosin er girt hömrum nema að austan þar sem gengið er upp í gegnum inngang á 30 metra löngum og 1-2 metra breiðum hlöðunum virkisvegg. Klettaborgin er bröttust á norður- og vesturhliðinni en þar eru engin skörð í berginu heldur þverhníptir klettur úr fimmstrendu stuðlabergi. Á norðurhliðinni er virkið aftur á móti hæst yfir sjávarmáli en hamarnir þar eru ekki brattir að sama skapi vegna þess hve bergið stallast á þeirri hlið.

Uppi á klettinum er nokkuð slétt og gróðurvana um að litast allt í kringum dældina. Þó hallar víða ofan á klettabrúnirnar, einkum að norðan og sunnan. Mikið víðsýni er ofan af virkinu um mestalla Húnavatnssýslu og suður um land allt til Eiríksjökuls og vestur að Tröllakirkju. Botninn í kvosinni er líkur yfirborði klettsins nema þar er nokkuð grýttara og erfitt að fóta sig vegna grjóthellna og urðar úr stuðlaberginu sem hefur fallið niður. Augljóst er að við og við hrynur úr virkinu því grjóthellur og stöplar úr stuðlabergi liggja brotnir í kringum það og inni í kvosinni eins og fyrr segir. Af þessu má sjá að virkið hefur breyst nokkuð síðan menn fóru fyrst að nýta það fyrr á öldum.

Byggðarsaga og fornleifarannsóknir

Víða í virkinu má finna grjóthleðslur og inni í kvosinni eru tvær hlaðnar rústir. Önnur þeirra er um 9x4 m að innanmáli en hin 8x4 m. Skammt frá þeim er samanhruninn brunnur sem í eina tíð er talinn hafa verið nothæfur.

Mikil dulúð hvílir yfir sögu Borgarvirkis því enginn veit hvenær það var fyrst nýtt af mönnum eða í hvaða tilgangi. Talið hefur verið að Borgarvirki sé héraðsvígi frá söguöld (ca. 870-1030) og það hafi verið notað sem slíkt eitthvað fram eftir öldum. Gömul munnmæli, a.m.k. allt frá dögum Páls Vídalíns (f. 1667, d. 1727), hafa eignað Barða Guðmundssyni frá Ásbjarnarnesi gerð mannvirkja í virkinu. Þess er þó hvergi getið í Heiðarvíga sögu þar sem fjallað er um Barða og félag. Aðrir hafa viljað eignað Finnboga ramma virkisgerðina en hann bjó um tíma á Stóru-Borg eins og segir frá í Finnboga sögu ramma. Ekkert er þó minnst á Borgarvirki í þeirri sögu.



Mynd 1. Borgarvirki – Skipulagsuppráttur.

Ein elsta lýsing sem til er um Borgarvirki er runnin frá Eggerti Ólafssyni sem ferðaðist um svæðið um miðja 18. öld. Upp úr lokum 19. aldar fer lýsingunum að fjölga og afar greinargóða umfjöllun um ástand virkisins má finna í grein Björn M. Olsen í Árbók Hins Íslenska Fornleifafélags frá 1880-1881.

Á árunum 1949-1950 fengu virkisveggirnir umfangsmikla viðgerð og voru þá að mestu endurhlaðnir eins og þeir voru taldir hafa verið áður. Þá stóðu ennþá sumir veggirnir nokkuð heillegir meðan aðrir höfðu hrunið. Sumarið 1950 var haldin mikil vígslu- og minningarhátíð í virkinu þegar endurhleðslunni lauk. Síðan þá hafa margvíslegir atburðir farið fram í virkinu, s.s. messur, brúðkaup, fundir, tónleikar o.fl.



Mynd 2. Aðkoma og núverandi bílastæði (AB 22. mars 2016).



Mynd 3. Inngangur í Borgarvirki. Hér þarf að huga að aðgengi – og öryggismálum (AB 22. mars 2016).

Mannvirki við Borgarvirki


Árið 1988 stóð ungmennasamband Vestur-Húnavatnssýslu fyrir því að setja upp útsýnisskífu á stöpul ofan á virkið. Nokkrum árum síðar, árið 1994, var fræðsluskilti sett upp við bílastæðið undir virkinu og árið 1996

fékk Ferðamálafélag Vestur-Húnavatnssýslu styrk frá Ferðamálaráði til að smíða tröppur upp í virkið. Síðustu framkvæmdir á svæðinu voru árið 2011 þegar fræðsluskiltið við bílastæðið var endurnýjað.

1.4 Tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026

Fyrirhuguð deiliskipulagmörk eru innan marka sveitarfélagsins Húnaþings vestra. Skipulagið verður unnið í samræmi við gildandi aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026 og ákvæði um viðkomandi svæði sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.



Mynd 4. Hluti sveitaruppdráttar úr gildandi aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 (Landmótun 2014).



Mynd 5. Hluti landnotkunarflokka úr gildandi aðalskipulagi (Landmótun 2014).

Um Landbúnaðarsvæði segir í aðalskipulaginu að þar sé fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri. Landbúnaðarsvæði eru skilgreind upp í 200 metra hæð en ofar gildi ákvæði um óbyggð svæði. Heimilt er að veita almenna ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum s.s. ferðaþjónustu bænda, gistingu og greiðasölu.

Í greinargerð aðalskipulagsins er lögð áhersla á að skapa þurfi aðstöðu fyrir ferðamenn til að þeir dvelji lengur á svæðinu og stuðla að því að Húnaþing vestra verði eftirsóttur áfanga- og dvalarstaður fyrir ferðamenn jafnt innlenda sem erlenda. Þá er Borgarvirki skilgreint í greinargerð aðalskipulagsins sem áningastaður án gistingar. Í þeim flokki eru „áhugaverðir og mikilvægir áningastaðir ferðamanna og útivistarfólks, s.s. vegna skoðunarverðra náttúru- eða menningarminja, gönguleiða o.fl.“ segir í greinargerð.

Hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026

Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja, landslags eða gróðurs vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum. Um hverfisvernd vegna fornleifa eru ákvæði hverfisverndar m.a. þessi:

-Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

-Fylgjast þarf vel með skógrækt sem er í námunda við fornleifar og gæta þess að skógrækt fari aldrei nærri minjum en 20 m.

-Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndað svæði sem tryggja varðveislu þess sem minja- og útivistarsvæðis.

-Hverfisvernduðu svæðin verða merkt og fræðslufni um þau komið á framfæri.

-Að öðru leyti gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 varðandi þjóðminjar.

1.5 Skipulagsgögn og kortagrunnar

Skipulagið er unnið á loftmynda- og hæðalínugrunn frá Svama ehf.

1.6 Lög og reglugerðir

Lög um menningarminjar

Fornleifar voru fyrst friðlýstar á Íslandi árið 1817 með kansellíbréfi, að undirlagi nefndar til varðveislu fornminja í Danaveldi (den kongelige commission til oldsagers opbevaring). Fyrstu þrír staðirnir sem voru friðaðir voru dómhringur á Þingvöllum Þórsnesi á Snæfellsnesi, Snorralaus í Reykholti og Borgarvirki. Lög um verndun fornminja voru sett hér á landi árið 1907 og embætti fornmenjavarðar stofnað en hans hlutverk var m.a. að semja skrá yfir allar fornleifar sem ætti að friða. Á árunum 1926-1930 lét þjóðminjavörður útbúa sérstök friðlýsingarskjöl og þinglýsa friðun minja sem kvöð á landareign. Friðlýsingar voru gerðar áður en almenn friðun minja eldri en 100 ára var tryggð með lagasetningu 1989. Með nýju lögunum breyttist áherslan varðandi þinglýstar friðlýsingar. Eftir það hafa aðeins fornleifar verið friðlýstar sérstaklega sem þykir ástæða til að leggja áherslu á sem þjóðarverðmæti. Gefin var út prentuð skrá yfir friðlýstar fornleifar árið 1990 en í henni segir um Borgarvirki:

Borg. Borgarvirki. sbr. Árb. 1880-1881: 101-103; Bruun 1928: 108-113 (með myndum). Skjal undirritað af MB 25.10.1930. Þinglýst 22.06.1931

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir í 22. gr. um friðhelgun og merkingar: Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði

umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.

Náttúruverndarsvæði og aðrar náttúruminjar

Ekkert náttúruminjasvæði er friðlýst í Húnaþingi vestra. Samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga njóta þó ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Þau eru m.a. eldvörp, gervigígar og eldhraun. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt. sbr. 13. og 53 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft í för með sér röskun á ákveðnum jarðmyndunum og vistkerfum.

Á náttúruminjasrá eru svæði sem að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að friðlýsa skv. náttúruverndarlögum. Þar er meðal annars eftirfarandi svæði:

Björg og Borgarvirki, Þverárhreppi, V- Húnavatnssýslu. (1) Að vestan fylgja mörkin vesturbakka Sigríðarstaðavatns og Hólaá suður á móts við Hrutatanga, síðan meðfram vestur- og suðurbökkum Vesturhópsvatns að Faxalæk. Að sunnan og austan ræður Faxalækur, austurbakki Víðidalsár og vesturbakki Hópsins út í Bjargaós. (2) Fagurt og fjölbreytt landslag, björg, tjarnir, mýrlendi og sandar. Athyglisverðar jarðmyndanir og fornminjar, Borgarvirki.

1.7 Framvinda skipulagsgerðar

Vinna við deiliskipulagið hófst haustið 2015 með loftmyndatöku, vettvangsferðum og samráðsfundum. Deiliskipulagslýsing var auglýst í apríl 2016 og engar alvarlegar athugasemdir komu fram hjá umsagnaraðilum. Í ábendingum frá Vegagerðinni var minnt á að samráð þurfi að hafa vegna tengingar við Borgarveg. Heilbrigðiseftirlitið benti á að mikilvægt sé að huga að neysluvatnsöflun, frágangi og staðsetningu rotþróar og tilheyrandi siturbeðs, þannig að mannvirki falli vel inn í umhverfi sitt og auðvelt sé að komast að rotþró til umhirðu. Umhverfisstofnun benti m.a. á mikilvægi þess að bílastæði og snyrtiaðstaða verði skipulögð þannig að framkvæmdir hafi ekki neikvæð sjónræn áhrif á virkið eða umhverfi þess. Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagslýsinguna né hvernig staðið verði að umhverfismati tillögunnar.

Vinna við skipulagstillögu fór fram sumarið 2016 og tillagan var kynnt í ráðhúsi Húnaþings vestra þann 27. október. Ábendingar bárust varðandi skipulagstillöguna. Tekið hefur verið tillit til þeirra eftir því sem við á og gerðar nokkrar breytingar á skipulagsuppdráttum og texta greinargerðar. Fram komu m.a. ábendingar um að fækka fyrirhuguðum dvalarsvæðum við virkið vegna spillingar á ásynd og vegna slysaþættu. Ákveðið var að láta ábendingar njóta vafans varðandi fyrirhugað dvalarsvæði sunnan við virkið og það svæði var fjarlæggt úr greinargerð og af uppdráttum, þ.á.m. stígurinn að staðnum. Þá bárust ábendingar um að gert yrði ráð fyrir stærra salernishúsi sem jafnframt þjónaði upplýsingamiðlun til ferðamanna. Á þetta sjónarmið var fallist enda í fullu samræmi við stefnu aðalskipulags sveitarfélagsins. Stærð fyrirhugaðs mannvirkis breyttist því úr 15 í 25 fermetra. Leitast var við að svara öðrum ábendingum sem bárust með því að útskýra í greinargerð einstök atriði skipulagstillögunnar nánar. Skipulagsráðgjafar taka undir ábendingar um að skipulag og hönnun spilli ekki ásynd og upplifun gesta af Borgarvirki og leggja mikla áherslu á að ná því markmiði.

Samráð var haft við Vegagerðina vegna tengingar við Borgarveg og útfærslu á bílastæði, sérstaklega varðandi stæði fyrir lengri bíla og rútu. Einnig var haft samráð við ferlahönnuð hjá Access Iceland Aðgengismarkjakerfinu ehf til að stuðla að góðu aðgengi innan skipulagssvæðisins.

Skipulagstillagan var kynnt og auglýst með fullnægjandi hætti skv. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem almenningi var gefinn kostur á að senda inn athugasemdir í a.m.k. sex vikur. Skipulagsnefnd fór yfir þær athugasemdir en þær gáfu ekki tilefni til meiriháttar breytinga á skipulagstillögunni og þarf því ekki að auglýsa hana að nýju. Helsta breytingin sem gerð var frá auglýstri tillögu var að reitur fyrir salernishús og upplýsingar var felldur út vegna óska landeigenda Litlu-Borgar. Skipulagsnefnd gerir tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu skipulagsins í kjölfarið er hún send til Skipulagsstofnunar til yfirferðar. Í framhaldinu birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt í B-deild Stjórnartíðinda og jafnframt munu þeir aðilar sem sendu inn athugasemdir fá afgreiðslu sveitarstjórnar senda til sín.

1.8 Umhverfisáhrif deiliskipulagstillögu

Skipulagið fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana en samkvæmt 12. grein skipulagslaga nr. 123 frá 2010 skal við gerð skipulagsáætlana gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið. Nánari grein er gerð fyrir þessari kröfu í 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90 frá 2013.

Helstu framkvæmdir skv. deiliskipulagi er uppbygging núverandi bílastæðis, tilfærsla göngustígs að Borgarvirki, lagfæring / endursmíði á núverandi tröppum ásamt nýjum tröppum í virkinu.

Deiliskipulagið er talið hafa jákvæð áhrif á útivist og ferðamennsku. Áhrif á náttúrufar og sjónræn áhrif eru óveruleg eða óljós. Núverandi hlutverk minjasvæðisins er styrkt með betra aðgengi að minjum og upplýsingum og umferð gesta er stýrt um skiplagða stíga. Stígar og útsýnisstaðir raska eftir atvikum því landslagi sem þeir liggja í en um leið hlífa þeir nálægu umhverfi fyrir óþarfa átroðningi. Í skilmálum deiliskipulags kemur fram að allt rask á landi við gerð stíga skuli haldið í lágmarki en uppbygging og frágangur allra mannvirkja á að vera með þeim hætti að sem minnst spjöll verði á jarðmyndunum og gróðri. Ólíklegt er að framkvæmdir muni hafa umtalsverð áhrif á dýra- eða plöntulíf á skipulagssvæðinu.

Framkvæmdir eiga að styrkja og gera ferðamennsku á svæðinu öruggari og aðgengi betra. Þannig á að koma til móts við aukinn straum ferðamanna á svæðinu og með skilvirkara aðgengi getur ferðamanntíminn lengst og haft jákvæð áhrif á samfélagslega- og efnahagslega þætti í sveitarfélaginu.

2. SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLAR

2.1 Almennt um skipulagssvæðið

Í þessum kafla er fjallað um skilmála sem gilda á skipulagssvæðinu. Meginmarkmið með skipulaginu er að skilgreina aðkomu, bílastæði, göngustíga og skiltastaði ásamt dvalar- og útsýnissvæðum. Í deiliskipulaginu er lögð áhersla á að ný mannvirki hafi samræmda og hógværa heildarásýnd sem falli vel að sérkennum umhverfisins og virði minjar og náttúru svæðisins.

Göngustígur mun liggja áfram frá bílastæði upp í virkið en gert er ráð fyrir þeim möguleika að færa til staðsetningu hans þannig að stígurinn fái jafnari halla og bjóði upp á betra aðgengi fyrir alla. Stígurinn mun áfram fylgja landslaginu og hægt verður að fá góða yfirsýn og fróðleik um svæðið með því að ganga eftir honum og kynna sér upplýsingaefni á leiðinni. Fræðsluskilti með QR kóða fyrir gagnvirkan fróðleik verða staðsett á 2-3 stöðum innan skipulagssvæðisins en einnig verða kannaðir möguleikar á því að gera minjarnar sjálfar sýnilegri og áþreifanlegri fyrir gesti án stafrænna hjálpartækja.

2.2 Minjavernd


Allar skráðar fornleifar innan skipulagssvæðisins eru merktar á uppdrætti. Friðlýsingin nær í raun til virkisins sem heildar en ekki bara einstakar hleðslur enda er það bæði náttúrulegt og manngert og verður ekki slitið í sundur. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal stöðva framkvæmd tafarlaust uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar Íslands um hvort verk megi fram halda og þá með hvaða skilmálum.

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir í 22. gr. um friðhelgun og merkingar: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið“. Staðsetning fornminja er sýnd á skipulagsuppdrætti.


2.3 Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að svæðinu er eftir Borgarvegi (nr. 717). Í þessu skipulagi er ekki gert ráð fyrir breytingum á aðkomuvegi en núverandi bílastæði við minjasvæðið er skilgreint betur. Á bílastæðinu skulu vera stæði fyrir fimmtán bifreiðar, þar af eitt fyrir hreyfihamlaða, ásamt tveimur stæðum fyrir lengri ökutæki eða bifreið með aftanívagn. Gert er ráð fyrir einu rútustæði. Einnig skulu vera stæði fyrir þá sem ferðast um á reiðhjólum. Staðsetning og afmörkun bílastæðis er sýnd á skipulagsuppdrætti. Gert er ráð fyrir að yfirborðsefni bílastæðis verði möl. Gæta verður að hæðarmunur ólíkra yfirborðsefna verði ekki meiri en 2.5 cm til að uppfylla kröfur um algilda hönnun.

Við bílastæði skal hafa lautarbekki sem m.a. eru hannaðir fyrir hjólastólanotendur og börn sem sitja í kerrum. Á aðkomusvæðinu við bílastæðin er einnig gert ráð fyrir upplýsingaskiltum. Hlaðinn veggur mun afmarka bílastæði að sunnan og austan. Sá veggur skal vera 70-100 sm hár úr grjóti með sömu áferð og finna má við Borgarvirki og helst frá nánasta umhverfi virkisins. Veggurinn mun fela bílastæði að mestum hluta frá Borgarvegi þannig að sem minnst sjónmengun verði af bifreiðum fyrir neðan virkið.



Mynd 6. Skýringarmynd - skipulag aðkomu og bílastæðis.



Mynd 7. Skýringarmynd – bílastæði snið.

Ekki er möguleiki á að stækka bílastæði skiplagsins. Ef fjöldi gesta um svæðið eykst þáð mikið að þörf fyrir stærra bílastæði myndast mun nýtt bílastæði ásamt salernis- og þjónustuhúsi verða staðsett utan skipulagssvæðisins og væntanlega í meiri fjarlægð frá virkinu. Samhliða uppbyggingu á nýju bílastæði yrði núverandi bílastæði lagt niður og landið lagað að umhverfi sínu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvað það svæði gæti legið en það verður gert í samráði við landeigendur og aðra hagsmunaaðila og er ekki hluti af þessari skipulagstillögu.

2.4 Snyrting / salernishús / upplýsingar

Ekki er gert ráð fyrir snyrtingu eða upplýsingahúsi innan skipulagssvæðisins.

2.5 Göngustígar

Skipulagið gerir ráð fyrir möguleika á nýjum göngustíg frá bílastæði að tröppunum upp virkið. Nýr stígur verður með minni og jafnari halla til að auðvelda gestum gönguna upp í virkið. Hönnun stígsins verður með þeim hætti að hann valdi sem minnstum spjöllum á gróðri og hafi eins lítil áhrif á landslagið sem hann liggur í og mögulegt er, en verði jafnframt þægilegur fyrir alla að ganga eftir. Halli upp göngustíginn skal ekki vera meiri en 5% /1:20 þar sem því verður viðkomið. Eitt af sjónarmiðunum í uppbyggingu og frágangi stígsins er að viðhald verði sem minnst en einnig að öryggi gesta verði sem best tryggt. Áhersla er lögð á aðgengi fyrir alla. Núverandi malarstígur og leiðbeinandi tilfærsla er sýnd á uppdrætti en gera má ráð fyrir minniháttar breytingu á staðsetningu stígsins upp að virkinu ef hann þykir þannig falla betur að landi eða m.t.t. minja. Stígurinn skal vera 1.6 – 2.0 metrar á breidd. Til greina kemur að hafa stíginn byggðan upp úr göngupöllum en ef grjót verður fjarlæggt vegna stígagerðar mun það grjót verða sett niður í sárið eftir núverandi stíg. Eftir framkvæmdir við nýjan stíg skal fyrra stígstæði ekki sjást í landslaginu heldur falla saman við umhverfi sitt. Það verður m.a. gert með því að raða grjóti inn í sár skriðunnar sem núverandi stígur hefur myndað.

2.6 Dvalarstaðir

Með orðinu dvalarstaður er átt við stað til að staldra við og dvelja á. Ekki er endilega gert ráð fyrir borðum, bekkjum eða öðrum mannvirkjum á þessum stöðum og alls ekki ruslatunnum. Gert er ráð fyrir þremur dvalarstöðum í skipulaginu. Einn dvalarstaður er við bílastæði, annar við stigann upp í virkið og sá þriðji inni í sjálfri virkiskvosinni. Ástæðan fyrir vali á þessum stöðum er sú að tveir þeirra eru nú þegar dvalarstaðir ferðamanna á svæðinu en markmið með skipulaginu er að merkja inn þá staði sem fólk staldrar við og leitast við að bjóða þar upp á meiri þægindi og fróðleik. Þó er einn af þessum þremur dvalarstöðum nýr. Sá staður er þar sem núverandi stígur mætir tröppunum upp að virkinu. Staðsetningin var valin vegna tillögu ferlihönnuðar hjá Access Iceland Aðgengismarkjakerfið ehf (gottadgengi.is). Með því að koma þar fyrir litlu dvalarsvæði geta gestir sem eiga erfitt með gang, eða eru í hjólastól, komist nær virkinu, staldrað við og notið útsýnisins e.t.v.á meðan samferðafólk þeirra fer alla leið upp í virkið.

Einn dvalarstaður er við bílastæðið. Honum er ætlað að taka á móti gestum og veita upplýsingar um hvað sjá megi við og í Borgarvirki. Þar er gert ráð fyrir upplýsingaskiltum og lautabekkjum líkt og er til staðar í dag. Þriðji dvalarstaðurinn verður inni í virkiskvosinni þar er ekki gert ráð fyrir neinum mannvirkum nema e.t.v. lágum tréborðum til að gestir geti tyllt sér niður. Þau tréborð yrðu fest niður og felld inn í stórgrýtið með þeim hætti að auðvelt verði að fjarlægja þau aftur ef þurfa þykir án þess að þau skilja eftir sig ummerki. Í dag er mjög erfitt að fóta sig inni í virkinu þar sem grjót stendur víða upp úr yfirborðinu. Grasblettir inn á milli grjótsins auðvelda gestum gönguna en þetta gras getur átt erfitt uppdráttar með fjölgun ferðamanna og eða

með fjölgun mannamóta í virkinu. Hönnun á þessu svæði þarf því að verja minjarnar skemmdum en um leið auðvelda aðgengi og öryggi gesta enda þarf sem ekki þarf mikið til að fólk misstíga sig og slasast við fall í grjóthrúgurnar. Mjóar gönguleiðir úr stáli eða timbri gætu komið til greina ef næst að skapa gott samspil með stórbrotinu umhverfinu.

Í gegnum aldirnar hefur grjót verið að hrynja úr virkisveggjunum og inn í kvosina. Á nokkrum stöðum má sjá nýleg ummerki eftir slíkt hrun og einnig merki um sprungur sem gefa til kynna hættu á hruni einstaka stuðla og stórgrýtis. Þar sem hætt er á slíku hruni þarf að gera gestum grein fyrir því að ekki er öruggt að dvelja þar undir t.d. með litlum viðvörunarskiltum með hógværrí ásfynd.


2.7 Tröppur

Gert er ráð fyrir að nýjar tröppur muni leysa af hólmi núverandi timburtröppur fyrir neðan virkið. Núverandi tröppur hafa óæskilegt hlutfall milli uppstigs og innstigs þannig að ganga um þær skapar ekki eðlilegt flæði. Nýjar tröppur eiga að stuðla að þægilegri göngu og auðvelda aðgengi að virkinu og þarf að gæta sérstaklega að því í hönnun þeirra að hlutfall milli innstigs og uppstigs sé í samræmi við viðurkenndar hönnunarreglur.

Einnig verði settar upp tröppur úr kvosinni upp á virkisbrúnina svo að hægt verði að komast með öruggum hætti að útsýnisskífunni sem þar er. Leitast verður við að láta þær falla sem best inn í klettavegginn án þess að draga til sín athygli.

2.8 Upplýsingaskilti

Staðsetning upplýsingaskilta vera fyrst og fremst við bílastæði en heimilt er að breyta staðsetningu þeirra ef aðrir staðir reynast betri að mati Minjastofnunar Íslands og þeirra sem hafa með stjórn svæðisins að gera. Leitast skal við að halda fjölda skilta og stærð þeirra í lágmarki og að þau hafi ekki truflandi áhrif á upplifun staðarins. Skiltin skulu vera samræmd hvað varðar útlit og efnisval. Þess skal gætt að þeim sé vel viðhaldið og á þeim séu réttar og nákvæmar upplýsingar um svæðið og nágrenni þess. Á skiltunum komi m.a. fram staðsetning gönguleiða á svæðinu, upplýsingar um minjarnar, náttúruna, umgengisreglur og viðvörunarorð eftir því sem við á. Á skiltum verði tilvísun í sérunnið margmiðlunarefni t.d. með notkun QR kóða (Quick Response Code) sem nota má snjalltæki til að opna. Stefnt er að heildstæðu grafísku útliti á skiltum og margmiðlunarefni.



Mynd 8. Skýringarmynd – uppbygging og fornleifar í Borgarvirki.

2.9 Ruslabiður

Ekki er gert ráð fyrir ruslabiðum á svæðinu enda myndast ekki rusl við Borgarvirki nema það sem ferðalangar taka með sér. Reynsla á sambærilegum áningarstöðum eins og Borgarvirki hefur sýnt að oft er talsverð sjónmengun við og í kringum ruslabiður. Algengt er tæming þeirra sé ekki nægjanlega mikil og í kringum troðfull ílátin liggi rusl á víð og dreif. Einnig getur sjónmengun fylgt sjálfum ruslaílatunum ef þeim er illa við haldið. Við virkið er ekki boðið upp á neinar veitingar eða söluvarning og því er ekki talin þörf á að standa fyrir ruslasöfnun á svæðinu. Fólk sem hendir frá sér rusli í kringum einstakan stað eins Borgarvirki þarf að eiga það við eigin samvisku og óvíst er að þannig innréttaðir ferðalangar myndu nýta sér ruslaílát yfir höfuð. Víða um land eru forráðamenn ferðamannastaða sem ekki bjóða upp á veitingasölu að hætta að gera ráð fyrir ruslaílátum. Þetta skipulag fylgir þeirri stefnu.

2.10 Búskapur

Búskapur hefur frá fornu fari verið stundaður á jörðunum sem Borgarvirki stendur á og samkvæmt aðalskipulag Húnaþings vestra er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Um *Landbúnaðarsvæði* segir í aðalskipulaginu að þar sé fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri. Landbúnaðarsvæði eru skilgreind upp í 200 metra hæð en ofar gildi ákvæði um óbyggð svæði. Heimilt er að veita almenna ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum s.s. ferðaþjónustu bænda, gistingu og greiðasölu. Mikilvægt er að gott samstarf ríki á milli landbúnaðar, minjaverndar og ferðamennsku innan skipulagssvæðisins og gagnkvæm tillitssemi enda geti fjölbreytt notkun aukið til muna gæði allra þátta.

2.11 Hönnun mannvirkja

Vísað er til stefnu íslenskra stjórnvalda um hönnun og byggingu opinberra mannvirkja hvað snertir markmið og sjónarmið um gæði byggingarlistar og mótun hins manngerða umhverfis.

2.12 Efnis- og gróðurnotkun

Nota skal sem mest efni frá nálægum svæðum í stíga og önnur mannvirki, svo sem grjót, gróður og timbur ef mögulegt er. Við val á gróðri til uppgræðslu skal fyrst að fremst horfa til þess að nota sömu gróðurtegundir og fyrir eru í umhverfinu.

2.13 Landmótun og jarðvegsframkvæmdir

Ekki er gert ráð fyrir formun lands innan skipulagssvæðisins utan aðlögun fyrirhugaðra mannvirkja að umhverfi sínu. Ávallt skal miða við að land sé sem mest óhreyft. Þó er gert ráð fyrir að leggja niður grjóthellur í yfirborði á nokkrum stöðum til að auka öryggi gesta. Þeir staðir sem um ræðir eru við innganginn í virkið sitt hvoru megin. Gera má ráð fyrir að þó nokkuð umrót hafi átt sér stað á þeim stöðum síðustu áratugi m.a. þegar virkisveggirnir voru endurhlaðnir um miðja síðustu öld. Þessar lagfæringar á yfirborði verða gerðar í samráði við landeigendur og Minjastofnun Íslands. Uppgröftur á jarðvegsefnum m.a. við bílastæði og stíg sem ekki er hægt að koma fyrir á staðnum skal flytja á viðurkenndan losunarstað. Ef göngustígur upp að virkinu verður færður til skal fella sár eldra stígs með inn í landslagið þannig að náttúruleg heildarásýnd landforma og yfirborðs skapist.

2.14 Lög og reglugerðir

Vísað er til laga og reglugerða sem við eiga, t.d. skipulagslög 123/2010, skipulagsreglugerð 90/2013, lög um mannvirki 160/2010, byggingarreglugerð 112/2012, lög um náttúruvernd nr. 60/2013, vegalög nr. 80/2007, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og lög um menningarminjar nr. 80/2012.


2.15 Umhverfislýsing

Tillaga að umhverfislýsingu var unnin af Teiknistofu Norðurlands og lýsingahönnuði hjá Jensson hönnunarhúsi. Gert er ráð fyrir hlýlegri og hógværrri öryggis- og stemmingslýsingu á skipulagssvæðinu. Þróun ferðamennsku á Íslandi undanfarin ár hefur verið með þeim hætti að heimsóknartími gesta er að dreifast meira yfir árið. Þar af leiðandi eru auknar líkur á að birtuskilyrði á skipulagssvæðinu séu ekki alltaf


með fullnægjandi hætti. Einnig getur umhverfislýsing stuðlað að öryggi gesta og skipulagðri framsetningu á minjum svæðisins.

Ljósmengun skal þó vera lágmörkuð eins og hægt er og lýsingu skal stýra með birtunema til að koma í veg fyrir óþarfa notkun ljósa. Lýsing er fyrirhuguð út frá grjóthleðslum, tröppum, skiltum og litlum vörðum. Ekki er gert ráð fyrir lýsingu á minjasvæðinu sjálfu. Gert er ráð fyrir díóðulýsingu (LED) eða sambærilegri lýsingatækni.

Við aðkomusvæði / bílastæði er gert ráð fyrir mjög hógværri lýsingu innan á grjótveggjum bílastæðisins til að lágmarka ljósmengun en um leið að skapa öruggari og hlýlegri aðkomu gesta utan mesta birtutímans. Einnig er gert ráð fyrir lágmarks lýsingu við dvalarsvæði og að snyrtiaðstöðu.



Mynd 9. Skýringarmynd - Lýsing við aðkomu og bílastæði – Teiknistofa Norðurlands og Jensson hönnunarhús.



Mynd 10. Skýringarmynd – snið af bílastæði – Teiknistofa Norðurlands og Jensson hönnunarhús.

2.16 Öryggislýsing

Mikilvægt er að gera ráð fyrir að leiðin upp að virkinu verði lýst með lágmarks öryggislýsingu. Sú lýsing ætti jafnframt að gera aðkomu að virkinu mikilfenglegri með því að nota ljósabúnað sem upphefur umhverfið og heildarásýndina. Meðfram göngustígnum frá bílastæði er lagt til að setja upp lága eða jarðlæga pósta fellda inn í umhverfis. Þegar komið er að tröppunum breytist lýsingin í innbyggða lýsingu í handriðum og eða undir þrepunum. Öll lýsing verður mjög hófstíll og þjónar fyrst og fremst öryggissjónarmiðum enda auðvelt að misstíga sig illa eftir birtutíma á þessu svæði.

Ekki er gert ráð fyrir lýsingu inni í virkinu sjálfu í þessu skipulagi nema reynslan sýni nauðsyn á endurskoðun þess vegna öryggismála. Virkiskvosin á að vera laus við ljósmengun til að skerða ekki upplifun staðarins.

3. SAMÞYKKT OG GILDISTAKA

3.1 Auglýsing

Skipulag þetta var auglýst almenningi til sýnis í sex vikur þann 13. desember 2016. Athugasemdafrestur var til 25. janúar 2017.

3.2 Athugasemdir og afgreiðsla þeirra.

Alls bárust þrjár umsagnir / athugasemdir við deiliskipulagsauglýsinguna. Þær gáfu tilefni til minniháttar breytinga á tillöguni. Þar sem breytingarnar eiga ekki við grundvallaratriði skipulagstillögunnar er ekki þörf á að auglýsa hana að nýju. Eftirtaldar breytingar hafa verið gerðar á auglýstu deiliskipulagi sem afgreitt var í skipulagsnefnd Húnaþings vestra 6. apríl 2017:

Á skipulags- og skýringarupprætti var reitur fyrir salernishús felldur út og eftirfarandi breytingar gerðar á greinargerð skipulagsins.

2.3 Aðkoma og bílastæði

Skipulagið gerir ráð fyrir að bílastæði verði malarbórið en ekki með malbiki eða bundnu slitlagi. Eftirfarandi texta var bætt við: Ekki er möguleiki á að stækka bílastæði skiplagsins. Ef fjöldi gesta um svæðið eykst það mikið að þörf fyrir stærra bílastæði myndast mun nýtt bílastæði ásamt salernis- og þjónustuhúsi verða staðsett utan skipulagssvæðisins og væntanlega í meiri fjarlægð frá virkinu. Samhliða uppbyggingu á nýju bílastæði yrði núverandi bílastæði lagt niður og landið lagað að umhverfi sínu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvað það svæði gæti legið en það verður gert í samráði við landeigendur og aðra hagsmunaaðila og er ekki hluti af þessari skipulagstillögu.

2.4 Snyrting / salernishús / upplýsingar

Eftirfarandi texta var bætt við: Ekki er gert ráð fyrir snyrtingu eða upplýsingahúsi innan skipulagssvæðisins (texti um fyrirhugaða aðstöðu var felldur út úr greinargerð).

2.16

Kafla um lýsingu var breytt með þeim hætti að ekki er gert ráð fyrir vörðum með innfelldri lýsingu meðfram stíg upp að virkinu heldur lágum eða jarðlægum ljósapóstum sem felldir verða inn í umhverfið. Meðfylgjandi skýringarmynd af vörðu var felld út.

4. HEIMILDIR

1. Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026.
2. Björn Magnússon Olsen. Árbók Hins Íslenska fornleifafélags. 1. Árg. 1880-1881.
3. Lög nr. 123/2010 skipulagslög .
4. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
5. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
6. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
7. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
8. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa 1990. Fornleifanefnd. Sótt 10. nóv. 2015 á www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/fridlysingarskra-med-vidbotum.pdf